

LÖG SGS

Tillögur laganefndar SGS, lagðar fram á þingi SGS

Reykjavík, 25.-27. október 2023



SGS

Starfsgreinasamband Íslands

Um hlutverk SGS- 1.01

Fyrir:

- Sambandið heitir Starfsgreinasamband Íslands, skammstafað SGS, og er samband þeirra stéttarféлага, sem skipuð eru verkafólki (almennu og sérhæfðu) í þeim starfs- og atvinnugreinum, samanber gr. 2.01.

Eftir:

- Sambandið heitir Starfsgreinasamband Íslands, skammstafað SGS, og er samband þeirra stéttarféлага, sem skipuð eru launafólki (almennu og sérhæfðu) sem starfar á almennum vinnumarkaði, hjá ríki, sveitarfélögum og í almannapjónustu.

Um hlutverk SGS- 1.04,4. mgr.

Fyrir:

- Að beita sér fyrir því, að aðildarfélög séu sem öflugastar félagsheildir og að félög séu ekki smærri en svo, að þau geti veitt félagsmönnum sínum þá þjónustu sem lög þessi, sem og lög og reglugerðir ASÍ mæla fyrir um.

Eftir:

- Að beita sér fyrir því, að aðildarfélög séu sem öflugastar félagsheildir og veiti félagsmönnum sínum þá þjónustu sem lög þessi, sem og lög og reglugerðir ASÍ mæla fyrir um.

Réttindi og skyldur 2.01

Fyrir:

- **2.01** Rétt til inngöngu í sambandið hafa þau stéttarfélög sem hafa innan sinna vébanda verkafólk launafólk(almennt og sérhæft) sem vinnur almenn og sérhæfð störf á almennum vinnumarkaði, hjá ríki, sveitarfélögum og í almannapjónustu við flutninga, bygginga- og mannvirkjagerð, matvælaframleiðslu, landbúnað, iðnað, alla almenna þjónustu þ.m.t. ferðapjónustugreinar og ræstingar, heilbrigðis-, velferðar-, og aðra almannapjónustu, verkafólk sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum sem og önnur almenn og sérhæfð störf verkafólks.

Eftir:

- **2.01** Rétt til inngöngu í sambandið hafa þau stéttarfélög sem uppfylla skilyrði gr. 1.01.

Réttindi og skyldur 2.02

Fyrir:

- **2.02** Nú sækir um aðild að sambandinu stéttarfélag, sem uppfyllir skilyrði laga þessara og skal þá umsókninni fylgja lög viðkomandi félags, reglugerðir sjóða þess, skrá yfir þá sem skipa stjórn þess og aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta. Umsóknir eru afgreiddar til bráðabirgða af framkvæmdastjórn en endanleg afgreiðsla er hjá þingi sambandsins eða formannafundi sé hann haldinn fyrr.

Eftir:

- **2.02** Nú sækir um aðild að sambandinu stéttarfélag, sem uppfyllir skilyrði laga þessara og skal þá umsókninni fylgja lög viðkomandi félags, reglugerðir sjóða þess, skrá yfir þá sem skipa stjórn þess og aðrar upplýsingar, sem máli kunna að skipta. Umsóknir eru afgreiddar af þingi sambandsins eða formannafundi sé hann haldinn fyrr.

Réttindi og skyldur –nýjar greinar

- **2.05** Aðildarfélögin hafa fullt frelsi um sín innri mál, þó þannig að ekki brjóti í bága við lög SGS eða samþykktir þess.
- **2.06** Félagi, sem fengið hefur aðild að sambandinu, er óheimilt að láta breytingar á lögum sínum koma til framkvæmda fyrr en miðstjórn ASÍ hefur staðfest þær skriflega.
- **2.07** Brjóti eitthvert félag í sambandinu lög þess, reglur eða samþykktir getur formannafundur vikið félagi úr sambandinu. Þó skal næsta þing SGS leggja fullnaðarúrskurð á það mál.

Þing 3.02

Fyrir:

- **3.02** Aukaping sambandsins skal halda:
 - a) Ef framkvæmdastjórn ákveður.
 - b) Ef minnst 5 aðildarfélög, að félagafjöldi samantlagt minnst 20% af félagatölu sambandsins, samþykkja kröfu þar um, enda sé tilgreind brýn ástæða kröfunnar og efni fundarins. Skal þá boða aukaping eigi síðar en einum mánuði eftir að slík krafa berst framkvæmdastjórn.

Eftir:

- **3.02** Aukaping sambandsins skal halda:
 - a) Ef formannafundur ákveður.
 - b) Ef minnst 5 aðildarfélög, að félagafjöldi samantlagt minnst 20% af félagatölu sambandsins, samþykkja kröfu þar um, enda sé tilgreind brýn ástæða kröfunnar og efni fundarins. Skal þá boða aukaping eigi síðar en einum mánuði eftir að slík krafa berst framkvæmdastjórn.

Þing 3.08

Fyrir:

- **3.08** Útreikningur á fjölda þingfulltrúa:
- Seturétt á sambandsþingi með kosningarétt og kjörgengi eiga samtals **135** þingfulltrúar sbr. þó 2.mgr. og skal þeim skipt milli aðildarfélaga í sama hlutfalli og þau greiddu skatt til sambandsins næst liðið ár. Hlutfall undir 0,5 færist niður að næstu heilu tölu og hlutfall 0,5 eða hærra færist að næstu heilu tölu.
- **Fái eitthvert aðildarfélag engan þingfulltrúa skal þingfulltrúum fjölgað og skal úthluta því félagi 1 fulltrúa með fullum réttindum á sambandsþinginu.**

Eftir:

- **3.08** Útreikningur á fjölda þingfulltrúa:
- Seturétt á sambandsþingi með kosningarétt og kjörgengi eiga samtals **101** þingfulltrúi. **Úthluta skal hverju aðildarfélagi tvo fulltrúa og skal þeim fulltrúum sem eftir standa skipt milli aðildarfélaga í sama hlutfalli og þau greiddu skatt til sambandsins næst liðið ár.** Hlutfall undir 0,5 færist niður að næstu heilu tölu og hlutfall 0,5 eða hærra færist að næstu heilu tölu.

Formannafundur 4.01 (2. og 4. mgr.)

Fyrir:

- Formannafundur skal kallaður saman að lágmarki 4 sinnum það ár sem þing eru ekki haldin og 3 sinnum það ár sem þing eru haldin. Framkvæmdastjórn ákveður fundarstað og fundartíma og eru fundir lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.
- ...
- Formannafundi skal boða **bréflega eða með öðrum sannanlegum hætti** með minnst þriggja vikna fyrirvara, en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður.

Eftir:

- Formannafundur skal kallaður saman að lágmarki 4 sinnum það ár sem þing eru ekki haldin og 3 sinnum það ár sem þing eru haldin. Framkvæmdastjórn ákveður fundarstað og fundartíma og eru fundir lögmætir ef löglega er til þeirra boðað. **Heimilt er að nota síma eða annan fjarfundarbúnað þegar það á við.**
- ...
- Formannafundi skal boða **með sannanlegum hætti** með minnst þriggja vikna fyrirvara, en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður.

Formannafundur 4.3

Fyrir:

- **4.03 Álit og ályktanir í stórmálum** sem framkvæmdastjórn ætlar að leggja fyrir formannafund, skal senda **aðildarsamtökunum** eigi síðar en hálfum mánuði fyrir fundinn, nema sérstakar ástæður hamli.

Eftir:

- **4.03 Þau málefni** sem framkvæmdastjórn ætlar að leggja fyrir formannafund, skal senda **aðildarfélögum** eigi síðar en hálfum mánuði fyrir fundinn, nema sérstakar ástæður hamli.

Formannafundur 4.5 (5. mgr.)

Fyrir:

- Við leynilega atkvæðagreiðslu geta eingöngu þeir sem eru viðstaddir greitt atkvæði, nema viðkomandi hafi gefið öðrum formanni umboð til að fara með atkvæði sitt. Slíkt umboð skal vera takmarkað við ákveðið mál og afgreiðslu þess.

Eftir:

- Við leynilega atkvæðagreiðslu geta eingöngu þeir sem eru viðstaddir greitt atkvæði, nema viðkomandi hafi gefið öðrum formanni umboð til að fara með atkvæði sitt. Slíkt umboð skal uppfylla almennar reglur um umboð, vera skriflegt og takmarkað við ákveðið mál og afgreiðslu þess.

Framkvæmdastjórn 5.01

Fyrir:

- 5.01 Í framkvæmdastjórn eiga sæti **9 einstaklingar** sem kjörnir eru á þingi sambandsins. Kjósa skal formann og varaformann sérstaklega og síðan **7 aðalmenn** og **5 varamenn** þeirra. Leitast skal við að stjórnin endurspegli á hverjum tíma sem jafnast hlutfall kynja í forystu aðildarfélaga.

Eftir:

- **5.01** Í framkvæmdastjórn eiga sæti **5 einstaklingar** sem kjörnir eru á þingi sambandsins. Kjósa skal formann og varaformann sérstaklega og síðan **3 aðalmenn** og **3 varamenn** þeirra. Leitast skal við að stjórnin endurspegli á hverjum tíma sem jafnast hlutfall kynja í forystu aðildarfélaga.

Framkvæmdastjórn 5.05 (2. mgr) og 5.06

Fyrir:

- Fundargerðir framkvæmdastjórnar verði sendar formönnum og varaformönnum aðildarfélaga.
- **5.06** Aðalskrifstofa sambandsins undir stjórn framkvæmdastjóra annast daglegan rekstur, afgreiðslu, bréfaskriftir og upplýsingaþjónustu.

Eftir:

- Fundargerðir framkvæmdastjórnar verði birtar á innri vef sambandsins.
- **5.06** Aðalskrifstofa sambandsins undir stjórn framkvæmdastjóra annast daglegan rekstur og þau verkefni sem framkvæmdastjóra eru falin hverju sinni.

8. kafli

Fyrir:

8.02 Úrsögn úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 2/3 hlutum atkvæða að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu í viðkomandi félagi. Atkvæðagreiðslunni skal haga eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Eftir:

- **8.02** Úrsögn úr sambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 2/3 hlutum atkvæða að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu í viðkomandi félagi. Atkvæðagreiðslan skal fara fram, ef tillaga þar um hefur verið samþykkt á lögmætum félagsfundum, enda hafi þess verið getið í fundarboði að slík tillaga liggi fyrir. Atkvæðagreiðslunni skal haga eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.
- **8.03** Úrsögn úr sambandinu skal vera skrifleg og sendast skrifstofu SGS. Það félag sem segir sig úr SGS, afsalar sér strax kosningarétti og kjörgengi innan SGS, á ekkert tilkall til eigna eða sjóða SGS og nýtur engra félagslegra réttinda þar. Með samþykkt úrsagnar aðildarfélags úr sambandinu, missa fulltrúar þess þar með umboð til trúnaðarstarfa innan sambandsins.
- **8.04** Þrátt fyrir úrsögn félags helst greiðsluskylda þess á skatti til sambandsins í 6 mánuði frá næstu mánaðarmótum eftir úrsögn.

Annað:

- **Verkafólk / launafólk**
 - Í lögum SGS er víða talað um verkafólk
 - Lagt er til að notast við launafólk þess í stað
-
- Varðandi fjölda fulltrúa í framkvæmdastjórn frá stofnun SGS:

Tímabil	Aðalmenn	Varamenn
2000-2012	13	11
2012-2019	7	5
2019- ?	9	5

Þingsköp SGS

Tillögur laganefndar SGS, lagðar fram á þingi SGS

Reykjavík, 25.-27. október 2023



SGS

Starfsgreinasamband Íslands

Þingsköp SGS gr. 4.05

Fyrir:

- **4.05** Eigi má, nema með leyfi þingforseta, lesa upp tilvitnanir í prentað mál.

Eftir:

- **4.05** Eigi má, nema með leyfi þingforseta, lesa upp tilvitnanir í útgefið efni eða vitna til ummæla annarra en ræðumanns sem birst eða fallið hafa opinberlega.

Þingsköp SGS gr. 5.17

Fyrir:

- **5.17** Þingforseti skipar úr hópi þingfulltrúa, svo marga teljara sem þykir henta til talningar atkvæða. Starfsmenn þings, skulu dreifa atkvæðaseðlum og aðstoða teljara við talningu.

Eftir:

- **5.17** Við atkvæðagreiðslu með handauppréttingu skipar þingforseti úr hópi þingfulltrúa, svo marga teljara sem þykir henta til talningar atkvæða. Við leynilega atkvæðagreiðslur aðstoða starfsmenn þings við að setja upp rafræna atkvæðagreiðslu. Verði rafrænni atkvæðagreiðslu ekki komið við dreifa starfsmenn þings atkvæðaseðlum og aðstoða teljara við talningu.